



# DKG

INTERNATIONAL SOCIETY  
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

*Hautbréf  
2023*

*Félag kvenna í fræðslustörfum á  
Íslandi*


## Frá konu til konu

Vertu sterk, vertu stolt  
hafðu djörfung og dug.  
Horfðu upp, dreyndu hátt  
og segðu alltaf þinn hug.

Vertu heil, vertu trú  
eltu þrá og þitt hjarta.  
**Elskaðu sjálfa þig mest**  
og þín er framtíðin bjarta.



Höf. Guðný Björk Pálmadóttir



## Samskipta- og útgáfunefnd óskar félagskonum DKG góðrar aðventu og gleðilegra jóla

Fyrsta fréttabréf nýrrar Samskipta- og útgáfunefndar DKG lítur hér dagsins ljós. Að vanda er efni þess fjölbreytt og viljum við þakka góð viðbrögð við beiðni okkar um efni í blaðið og gleðilegt að geta birt fréttir frá öllum deildum í þessu haust fréttabréfi. Nýr forseti DKG Árný Elíasdóttir, ritaði pistil fyrir hönd stjórnar en þar fjallar hún m.a. um þátttöku DKG í kvennaverkfallinu og áherslu á sýnileika félagsins. Starf deildanna um land allt er með fjölbreyttum hætti og til marks um öflugt og faglegt starf félagsins. Þegar þetta fréttabréf er ritað eru Grindvíkingar að takast á við nýjan raunveruleika í tengslum við jarðhræringar á Reykjanesskaga. Hugur okkar er hjá þeim og er það von okkar að kennarar á öllum skólastigum og samfélagið í heild fái svigrúm og tíma til að vinna úr sínum áföllum. Við sem félag getum nýtt tengslanet okkar til stuðnings og hluttekningar, á þessum tíma erum við öll Grindvíkingar.

Það er ósk okkar að þið fái notið aðventunnar og eigið gleðilega jólahátíð og að nýja árið verði ykkur farsælt og gott.

Guðrún Ásgeirsdóttir formaður  
Guðmunda Vala Jónasdóttir  
Sigríður Herdís Pálsdóttir





## Fréttir frá stjórn landsambands DKG



Kæru Delta Kappa Gamma systur

Ný stjórn landsambandsins hélt sinn fyrsta fund um miðjan júlí og fundar mánaðarlega ýmist í raun- eða netheimum. Í stjórn landsambandsins 2023-2025 eru eftirfarandi:

Árný Elíasdóttir forseti, Gammadeild  
Steingerður Kristjánsdóttir 1. varaforseti, Lambdadeild  
Málfríður Þórarinsdóttir 2. varaforseti, Alfadeild  
Vilborg Ása Bjarnadóttir ritari, Iotadeild  
Rósa Marta Guðnadóttir meðstjórnandi, Epsilondeild

Með stjórninni starfa fráfarandi forseti, Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, gjaldkeri Björg Eiríksdóttir Gammadeild og vefstjóri, Eygló Björnsdóttir Betadeild. Lögsögumaður er Sigrún Klara Hannesdóttir, Alfadeild.

Á fundi framkvæmdaráðs í byrjun september hitti landssambandsstjórn formenn deilda, formenn nefnda ásamt fyrrverandi forseta, gjaldkera, vefstjóra og lögsögumanni. Farið var yfir ýmsar hagnýtar upplýsingar um starfsemi samtakanna, bæði innan lands og á alþjóðavísu. Auk þess hlustuðum við á eflandi fyrirlestur Dr. Shar McGowan. Öflugur hópur mætti til leiks og áttum við einstaklega gefandi dag saman sem án efa skilar sér út í starfsemina.



Á fundinum var framkvæmdaáætlun 2023-2025 samþykkt samhljóða eftir umræður og hópverkefni um drög stjórnar. Í framkvæmdaáætlun stjórnar eru þrjú megin verkefni:

1. Könnun á viðhorfi félaga til starfsins.
2. Samtökin verði sýnilegri í íslensku samfélagi.
3. Samtökin láti sig menntamál enn meiru varða.

(Sjá ítarlegri umfjöllun í Fréttabréfi forseta í október s.l. sem er að finna á Facebook síðu samtakanna og í fundargerð framkvæmdaráðsfundar á heimasíðu okkar).



Niðurstöður könnunar stjórnar nú í nóvember á viðhorfi félagskvemma til starfsins verða birtar á Facebook og heimasíðu okkar í lok mánaðarins. Starfið næstu misserin mun taka mið af niðurstöðunum.

Delta Kappa Gamma var formlegur þátttakandi í kvennaverksfallinu þann 24. október. Okkar konur voru hvattar til að taka þátt í baráttufundum sem þær hafa vafalaust margar gert ef marka má þann fjölda sem þá sóttu. Tókst að vekja athygli á samtökunum þar sem okkar var ávallt getið í kynningarefni vegna verkfallsins.

Forseti fékk þann heiður að taka þátt í inntöku sex nýrra félaga hjá Epsilon deild í byrjun október og sótti ásamt tveimur stjórnarkonum afar athyglisvert málþing um læsi sem þessi öflugra

deild stóð fyrir 26. október. Þingið var fjölsótt og fyrirlestrar einstaklega áhugaverðir. Stjórnin fagnar frumkvæði Epsilon deildar og hvetur aðrar deildir til að feta í þeirra fótspor með verkefnum sem stuðla að sýnileika samtakanna og að samtökin láti sig menntamál enn meira varða. Sækja má um styrk til samtakanna vegna slíkra viðfangsefna. Forseti áformar að heimsækja allar deildir á stjórnartímabili sínu og hlakkar til að kynnast starfi þeirra enn betur.

Við í stjórn landssambandsins óskum ykkur öllum ánægjulegs og lærdómsríks vetrar. Megið þið njóta þess að taka þátt í starfinu og leggja ykkar að mörkum í anda samtakanna. Ef spurningar vakna ekki hika við að hafa samband við okkur stjórnarkonur.

F.h. stjórnar  
Árný Elíasdóttir, forseti





# Alfa

## Fundur 25. maí 2023

Þegar Fréttablað DKG kom út sl. vor hafði fjórði félagsfundur Alfadeildarinnar á vorönn 2023 ekki enn farið fram en hann var haldinn í Ráðhúsinu í Reykjavík 25. maí. Helga Laxdal skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og Marta Guðjónsdóttir borgarfulltrúi tóku á móti Alfa konum og var félagskonum boðið í sal borgarstjórnar. Þar sagði Helga okkur ýmislegt um húsið og kom m.a. inn á breytingar sem gerðar hefðu verið í kjölfar þess að borgarfulltrúum var fjölgað. Smíða þurfti ný borð í anda þess gamla og hefur það tekist vel. Húsið er orðið barn síns tíma og ýmis tæknimál orðin flókin.



Eftir kynningu Helgu um húsið var haldinn fundur Alfa deildar í fundarherbergi borgarráðs. Kveikt var á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi og boðið var upp á léttar veitingar. Sjöfn Sigurbjörnsdóttir var með orð til umhugsunar og fjallaði m.a. um að 45 ár væru síðan hún tók sæti í borgarstjórn og veru sína í DKG sem hún sagði að hefði gefið sér mikið og hve ómetanlegt vináttan sem stofnað hefði verið til væri sér.

Að loknum orðum Sjafnar greindu Hrund og Málfríður frá því helsta sem fram fór á Landssambandsþingi samtakanna á Hótel Örk dagana 13. og 14. maí s.l. þar sem flutt voru mörg áhugaverð erindi á laugardeginum t.d. um kennaramenntun, skólaþróun, skóla framtíðarinnar og gervigreind. Nýttu Alfakonur sér gervigreindina til að búa skemmtiatriði sitt um kvöldið. Annað skemmtiatriði deildarinnar var upplestur Ingibjargar Eلسu á ljóði eftir Arndísi Þórarinsdóttur.

Hrund sagði frá að þær sjö konur sem lagt hefði verið til að taka inn í deildina yrði nú boðin þátttaka og þær síðan teknar inn skv. öllum síðum og reglum. Rætt var um starfið næsta vetur og komu fram hugmyndir um að heimsækja hús Vigdísar og Eddu, nýtt hús íslenskunnar.

Formaður afhenti Helgu, Mörtu og Sjöfn rauðu rósina sem þakklætisvott fyrir þeirra framlag.



### Fundur 3. október

Fyrsti fundur haustannar fór fram í Veröld – húsi Vigdísar þann 3. október. Á fundinn mættu sex af þeim sjö konum sem boðið hefur verið að kynna sér starfið og til stendur að bjóða í deildina.

Hrund, formaður Alfa-deildar opnaði fundinn og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Fundurinn hófst á Orðum til umhugsunar sem Sigrún Klara sá um út frá "Perú-verkefninu" og lagði hún út af því að allir geta hjálpað einhverjum, en enginn getur hjálpað öllum.

Á ferð sinni eitt sinn til Perú sá Sigrún Klara lítinn strákur sem fékk ekki að vera með í leikjum barnanna, því hann var fátækur og bjó hjá afa sínum og ömmu. Hún ákvað að styrkja drenginn sem síðan leiddi til þess að samtökin Vinir Perú voru stofnuð.

Á fundinum bauð Sigrún Klara Alfakonum í áttæðis afmæli sitt þar sem annars vegar verður málþing um barnabækur og að því loknu fagnað með partýi. Hún afpakkaði gjafir og blóm en þiggur þess í stað gjarnan framlög í Perú verkefnið.

Að loknu innleggi Sigrúnar Klöru kynnti Ingibjörg Elsa, formaður laganefndar og uppstillinganefndar, nefndarstörf innan DKG. Kjarninn er deildarstarfið, en landssambandið hefur auk þess fastanefndir, skipaðar til tveggja ára.

Hún sagði frá reynslu sinni við trúnaðarstörf sem hún hefur tekið að sér innan félagsins en hún var

formaður Alfa í tvö ár og í kjölfarið fjögur ár formaður Landssamtakanna. Mælti hún með því að félagskonur tækju þátt í störfum nefnda eigi þær þess kost en það eflir tengslanetið. Í nefndunum felist skemmtilegar áskoranir, jafnvel inn í alþjóðasambandið og stjórn þess.

Rætt var um að mikilvægt væri að auglýsa betur þá námsstyrki sem í boði eru fyrir félagskonur og hvenær eigi að sækja um þá. Benti Ingibjörg á að til sé gátlisti með dagsetningum fyrir stjórnir til að miðla innan deilda.



Málfríður stjórnarkona í Alfa og annar varaforseti í stjórn Landsambandsins talaði síðan um það að taka þátt í stjórn samtakanna. Málfríður kom inn í deildina 2018 og hafði m.a. annars áhuga á að kynnast samtökunum betur og gaf þess vegna kost á sér í stjórn Landssambandsins. Meðal annars



kom fram að í framkvæmdaáætlun framkvæmdaráðs er stefnt að því að framkvæma könnun meðal félagskvemma varðandi hug þeirra til DKG, auka sýnileika samtakanna í íslensku samfélagið og að þau láti sig menntamál meiru varða.

Málfríður sagði einnig frá því að einstaka deildir geta sótt um styrki til að halda viðburði sem styðja við fræðslumál og benti á að Epsilon deildin stæði fyrir slíkri fræðslu á málþingi um læsi í Fjölbrotaskóla Suðurlands á Selfossi 26. október n.k. Jafnframt minnti hún á kvennafrídaginn og Golden Gift leiðtoganámskeið í Texas á næsta ári.

Á fundinum var þeim sem kynntu afhent rós í anda Delta Kappa Gamma

### Fundur 1. nóvember 2023

Annar félagsfundur Alfadeildar á haustönn 2023 var haldinn í Tækniskólanum í Reykjavík. Ólafur Sveinn Jóhannesson deildarstjóri markaðs- og kynningardeildar tók á móti hópnum en síðan tók Hildur Ingvarsdóttir skólameistari við með kynningu um skólann.

Tækniskólinn er stærsti framhaldsskóli landsins með yfir 3000 nemendur og tæplega 300 starfsmenn og er skólinn staðsettur í 8 byggingum á fimm stöðum. Einkunnarorð skólans eru *alúð, framsækni og fjölbreytileiki*.

Kennsla fer að mestu fram á framhaldsskólastigi (2. og 3. þrep) en sumt er á 4. þrepi þ.e. á háskólastigi.

Undirskólar Tækniskólans eru sjö; Byggingatækniskólinn, Endurmenntunarskólinn, Hönnunar- og handverksskólinn, Raftækniskólinn, Skipsstjórnarskólinn, Tæknimenntaskólinn, Upplýsingatækniskólinn og Véltækniskólinn.

Mikil fjölgun hefur orðið í umsóknum í iðnnám á síðustu árum, sérstaklega í raftækni og byggingatækni og getur skólinn ekki tekið á móti öllum sem sækja um. Vel hefur gengið að manna kennarastöður, líka í iðnnáminu. Talsverður fjöldi nemenda 200- 300 er með annað móturmál en íslensku og er brugðist við því með námi á Íslenskubrautinni sem hefur mælst mjög vel fyrir. Annað nýmæli er nám í jarðvirkjun þar sem nemendur eru m.a. í hermunum í jarðvinnu.

Félagskonur höfðu um margt að spyrja og urðu skemmtilegar umræður í hópnum m.a. hvernig gengi að koma nemendum á samning og aðgengi að háskólanámi.





Boðið var upp á kaffi, kleinur og ávexti meðan á fundi stóð og að loknu erindi Hildar gafst Alfa-konum færi á að ganga um skólann. Formaður afhenti Hildi og Ólafi rauðu rósina sem þakklætisvott fyrir þeirra framlag.

Stjórn Alfa deildar

Hrund, Málfríður, Fjóla María og Ragnhildur







## Beta

Það hefur verið sérstaklega skemmtilegt hjá okkur Beta systurum þetta haustið. Eftir pásu undanfarin ár var drifið í haustferð. Föstudaginn 15. september lögðu 16 félagskonur, hressar og sprækar, af stað í rútuferð austur í Þingeyjarsýslu.



Á leiðinni fengum við magnaða leiðsögn frá Beta konunni Margréti Kristínu Jónsdóttur, sem var óþrjótandi uppspretta fróðleiks um örnefni, sveitirnar, landslagið

og fólkið sem bæina byggði. Fyrsta stopp var á Grenjaðarstað í Aðaldal. Þar tók á móti okkur staðarhaldari og það er alltaf gaman að skoða einn stærsta torfbæ landsins og kirkjuna sem er ekki síður falleg.



Eftir að hafa skoðað stórbýlið var haldið áfram og keyrt að Laxárvirkjun,

þar var farið út úr bílnum og Margrét hélt áfram að uppfræða konur og hélt m.a. stutta tölu um skáldkonuna Huldu (Unni Benediktsdóttur Bjarklind) og Elísabetu, Lissý, Grant söngkonu. Afar fróðlegt og skemmtilegt var að hlusta á Margréti segja í stuttu máli frá ævihlaupi þessara kvenna. Að lokum




var haldið á Hótel Fosshól við Goðafoss þar sem borðaður var kvöldverður og að því loknu var haldið heim á leið með sáttar og sælar konur eftir góða ferð.



Fyrsti formlegi fundur Betadeildar var svo haldinn í leikskólanum Klöppum 17. nóvember. Þar var vetrardagskráin kynnt og tvær nýjar konur boðnar velkomnar í deildina, þar af önnur sem flutti sig úr Nýdeild yfir til okkar vegna flutninga fjölskyldunnar. Fundurinn var



Því inntökufundur og var gestur fundarins einnig konan sem tekinn var inn, en hún er Drífa Þórarinsdóttir,



skólastjóri leikskólans Klappa. Eftir stjórnarstörf, inntöku og kaffihressingu sýndi Drífa okkur skólann sem er glænýr, tekinn í notkun haustið 2021,

og það var verulega áhugavert að sjá hvernig skólinn er hannaður með þægindi barna og starfsfólks í huga. Mikill auður í að hafa fengið þessa öflugtu og skemmtilegu konu til starfa við deildina. Með þessari síðustu inntöku eru félagskonur Betadeildar nú orðnar 32 talsins.

Þegar þetta er skrifað er jólafundur Beta systra framundan. Hann verður haldinn fimmtudaginn 23. nóvember í hliðarsal á veitingarhúsinu Strikinu og er undirbúningur komin langt á leið.

Eins og sést hefur haustið hefur verið viðburðaríkt og eru konur í Betadeild virkar og vakandi yfir því sem efst er á baugi í samfélaginu. Þær tóku virkan þátt í Kvennaverksfallinu 24. október og sýna enn og aftur að menntamál og fræðslustörf eiga góða málsvara hér fyrir norðan.

Með kærri kveðju frá Akureyri,  
Aðalbjörg Bragadóttir, formaður





## Gamma

Þann 23. maí 2023 héldum við í Gammadeild síðasta fund starfsársins 2022-2023 og var það inntökufundur þar sem fjórar nýjar konur voru teknar inn í deildina. Þær eru: Ása Valgerður Sigurðardóttir (kennari og kórstjóri), Hildur Ingvarsdóttir (skólameistari Tækniskólans), Doktor Ragný Þóra Guðjohnsen (lögfræðingur, uppeldis- og menntunarfræðingur og lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands) og Þórdís Helga Ólafsdóttir (sérkennsluráðgjafi). Reyndar bættist síðan fimmta konan við deildina á haustdögum 2023 en Þórunn Svava Róbertsdóttir (sérkennari við Fjölbrotaskólann í Ármúla og þroskaþjálfari) færði sig úr Þetadeild í Gammadeild vegna breytinga á búsetu.



Fyrir utan hátíðlega inntökuathöfn sem fór fram samkvæmt kúnstarinnar reglum var fundurinn með nokkuð hefðbundnu sniði. Hann var haldinn heima hjá Gammakonunni Björk Einisdóttur í Garðabæ og tók hún höfðinglega á móti okkur. Nokkrar Gammakonur mættu með glæsilegar veitingar og var umgjörðin öll til fyrirmyndar. Gerður G. Óskarsdóttir var með orð til umhugsunar þar sem hún bauð nýjar konur innilega velkomnar og sagði frá Landssambandsþingi Delta Kappa Gamma sem hún sótti í Hveragerði ásamt fleiri Gammakonum og hópi annarra mætra DKG-kvenna.





Á þessu góða þingi var okkar kona, Árný Elíasdóttir, kosin forseti landssamtakanna og erum við mjög stoltar af henni. Gerður hvatti Gammakonur til að taka þátt í þeim þingum og fundum sem í boði væru, þessir fundir væru alltaf fræðandi og skemmtilegir.

Eftir inntökuathöfn var farið í önnur mál þar sem Árnýju var m.a. óskað til hamingju með formannsembættið og færð rós en einnig var minnt á Evrópuþingið í Tampere í Finnlandi í júlí. Minnt var á félagagjöldin, þakkir færðar fyrir veitingar og að lokum bauð Sigríður Jónsdóttir Gammakonum í níræðisafmælið sitt í ágúst. Gammakonur hittust því margar þar áður en fyrsti fundur nýs starfsárs var haldinn í september.

Þetta starfsár, 2023-2024, hófst með fundi í Listasafni Íslands þann 7. september sl. Hrefna Sigurjónsdóttir, formaður Gammadeildar, hóf fundinn á að segja frá dagskrá vetrarins sem ber yfirskriftina Samfélag fyrir alla. Árný Elíasdóttir, landssambandsforseti, var með orð til umhugsunar og sagði þar frá framkvæmdaráðsfundi DKG sem haldinn var fyrr í september. Ingibjörg Jóhannsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands og Gammakona, sagði okkur frá starfinu í safninu og við skoðuðum tvær sýningar, Glerregn Rúriar og teikningar Kjarvals. Líkt og vant er var kaffisamsæti og veitingar í boði nokkurra Gammakvenna og tveimur afmælisbörnum var fagnað á fundinum. Sigríður Jónsdóttir varð níræð 20. ágúst 2023 og Gerður G.

Óskarsdóttir varð áttæð 5. september 2023. Þeim voru færðar rauðar rósir og afmælistkort með ljóðum sem lesin voru upp við þetta tilefni.





Þann 9. október var haldinn fundur hjá Menntavísindasviði í Stakkahlíð en þá buðu Gammakonur konum úr öðrum deildum DKG á fundinn. Helga

Thorlacius var með orð til umhugsunar þar sem hún sagði frá Evrópuþingi (alþjóðþingi) sem haldið var í Tampere í sumar. Doktor Ragný Þóra Guðjohnsen hélt síðan erindi undir yfirskriftinni: Farsældarlögin og hvað svo? Ragný Þóra er faglegur stjórnandi Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar og auk þess að fara vel í grunn farsældarlaganna og stigskiptingu þjónustu þá sagði hún okkur frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar og hvaða skref væru fyrirhuguð í framhaldinu. Eftir líflegar umræður buðu nokkrar Gammakonur upp á hressingu með kaffinu áður en haldið var heim.



Næsti fundur Gammadeildar er fyrirhugaður 8. nóvember nk. og verður fundarefnið heildstæð skólaþjónusta byggð á þrepaskiptum stuðningi við nám og farsæld barna og ungmenna. Hákon Sigursteinsson, formaður verkefnastjórnar um farsæld barna hjá Reykjavíkurborg og framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykavíkur (í leyfi) kemur til okkar og ræðir þátt skólaþjónustunnar í þessu samhengi.

Hann var svo vænn að samþykkja með skömmum fyrirvara að koma til okkar á fund sem haldinn verður í Kerhólum hjá frístundasviði Reykjavíkur en upphaflega ætlaði Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir frá Kara Connect að koma til okkar en þurfti að afboða vegna vinnufundar erlendis. Vonandi kemur hún til okkar síðar.

Í desember munum við síðan halda okkar árlega jólafund og fá rithöfund í heimsókn. Drög að dagskrá vorannar eru óðum að verða klár og blómlegur tími framundan.

Með kærri Gammakveðju til allra DKG-systra,

Hrefna Sigurjónsdóttir, formaður Gammadeildar



## Delta

Starfsemi Deltadeildar hófst með stjórnarfundum í byrjun september. Á fundinum mætti einnig gjaldkeri deildarinnar. Lögð voru drög að skipulagi funda í vetur og dagskráin send félagskonum. Á haustönn er gert ráð fyrir þremur fundum.

Fyrsti fundur Deltadeildar var haldinn í Bragganum v/Nauthólsveg miðvikudaginn 27. september 2023. Fundur hófst kl. 18:00. Fundurinn var í umsjón kvenna sem búsettar eru á höfuðborgarsvæðinu.

Efni fundarins var í höndum Sigrúnar Jóhannsdóttur Deltasystur. Erindi sitt nefndi hún: "Hvað viljum við fá út úr Delta Kappa Gamma?" Eftirfarandi eru nokkur atriði úr erindinu. Meðlimum alþjóðasamtakanna hefur fækkað mikið síðustu ár og er það mikil áskorun fyrir okkur allar að leita leiða til að kveikja sem mestan áhuga á því sem við viljum stefna að í starfinu. Sigrún hefur sótt fjölda ráðstefna og funda DKG í flestum löndum samtakanna og hefur það gefið henni mikið, bæði fræðilega og félagslega og hún kynnst mörgum frábærum félagskonum um allan heim. Það víkkar mjög sjóndeildarhringinn og það sem DKG þýðir. Hún rifjaði upp þau gildi sem samtökin leggja áherslu á. Sýn DKG er: Forystukonur í fræðslustörfum til áhrifa á menntun um allan heim, stefnum þangað. Markmið samtakanna eru að: Hvetja-efla-styrkja-styðja-veita-fræða, Sigrún vill bæta við markmiðin: Skapa, breyta og skemmta. Samtökin voru stofnuð sem

kvinnahreyfing í Texas 1929. Stofnandinn var Annie Webb Blanton. Vigdís Finnbogadóttir er heiðursfélagi DKG á Íslandi frá 1981. Gaman er að minnast á að í USA hefur DKG heiðrað Dolly Parton, en hún hefur lagt mikið til að efla læsi hjá ungum börnum með sérstökum bókasöfnum víðs vegar um Bandaríkin. Síðan setti Sigrún fundarkonur í 4 hóp 3 í hvern hóp, þar sem við áttum að ræða hvernig við getum eflt samtökin og af hverju við erum í þessum félagsskap.

Formanni var síðan falið að vinna út punktum hópanna. Hópvinnan var góður undirbúningur vegna könnunar um starfsemi DKG, sem landssambandið mun leggja fyrir okkur innan tíðar.

Sigrúnu var þakkað fyrir fróðlegt erindi. Að lokum sýndi Sigrún okkur fjölda mynda frá ferðalögum hennar á ráðstefnur og þing DKG erlendis og vildi hvetja Delta konur til að sækja þau.



Orð til umhugsunar flutti Halldóra formaður deildarinnar. Hún ræddi um sýn sína til samtakanna og hvað það hefur gefið henni að starfa sem



formaður deildarinnar. Þá ræddi hún um nýja framkvæmdaáætlun stjórnar, sem samþykkt var á framkvæmdaráðsfundi í september s.l. Einnig ræddi Halldóra hugleiðingar Árnýjar landssambandsforseta á framkvæmdaráðsfundinum, um hvað við félagskonur í DKG erum einsleitir hópur og að tími væri kominn til að breyta því. Það eru orð að sönnu og er verkefni sem vert er að huga að.

Annar fundur vetrarins var 25. október, haldinn í Menntaskóla Borgarfjarðar. Fundurinn var í umsjón Borgarneskvenna. Gestir á fundinum voru konur úr Lambdadeild.

Fyrst á dagskrá var erindi sem sóknarpresturinn í Borgarprestakalli sr. Heiðrún Helga Bjarnadóttir flutti og nefndist "Að mæta fólki í augnhæð". Þar fjallaði hún um leið sína að prestskap sem var mjög áhugaverð. Hún lauk guðfræðinámi við HÍ og fór eftir það til Kaupmannahafnar og lærði trúarbragðafélagsfræði. Hún vann síðan með fylgdarlausum ungmennum (15-25 ára) á flóttu. Eftir að Heiðrún Helga gerðist sóknarprestur nýtti hún m.a. það sem hún lærði af samferðafólki úr fyrra starfi til að setja af stað verkefnið "Borgarnes borðar saman".

Næst á dagskrá var Signý Óskarsdóttir verkefnastjóri skólapróunar í Menntaskóla Borgarfjarðar með erindið STEAM nám og kennsla. Hún fjallaði um upphaf og vegferð þróunarvinnu sem byggði á ýtarlegum gögnum og rannsóknum, vinnustofum með

nemendum og kennurum í MB. Fengnir voru rýnihópar í efstu bekkjum grunnskóla á Vesturlandi.

Ungmennaráð Vesturlands kom að málinu, kennarar á unglíngastigi og fulltrúar háskóla – atvinnulífs – menntamála – fyrrum nemenda o.fl. Niðurstöður voru síðan flokkaðar í þrjá flokka: nám, kennsluáferðir og skipulag og svo náms- og kennsluumhverfi. Skólapróunin er og verður síðan unnin í áföngum og þróast með innleiðingu og endurskoðun önn frá önn.



Eftir þessi áhugaverðu erindi færði hópurinn sig yfir í Landnámssetrið. Meðan beðið var eftir matnum flutti Jónína Erna Arnadóttir Orð til umhugsunar. Þar fjallaði hún um jafnrétti og að konur væru enn að læra ný hugtök eins og þriðju vaktina sem afhjúpuðu ósýnilega vinnu og ábyrgð kvenna á heimilinu.


Það var einstaklega ánægjulegt að fá Lambda konur á fundinn. Gaman að spjalla saman yfir matnum um starfsemi í deildunum, bera saman bækur sínar, miðla og læra.



Þess má geta að Nýdeildin á Norðurlandi-vestra hefur áhuga á að funda með okkur næsta vor – og að fundarstaður væri í svipaðri fjarlægð frá hvorri heimabyggð. Formanni falið að kanna þetta nánar með formanni Nýdeildar.

Með þessum orðum sendum við hátíðarkveðjur til allra DKG systra.

Halldóra Jónsdóttir formaður  
Deltadeildar.







## Epsilon

Vetrarstarfið hjá Epsilon-systrum hófst á sólríkum septemberdegi í Skrúfunni á Eyrarbakka. Skrúfan er grósku- og sköpunarmiðstöð þar sem fólk á öllum aldri getur komið og fengið útrás fyrir sköpunarkraftinn eða lært eitthvað nýtt á námskeiðum sem þar eru haldin.

Guðríður Egilsdóttir formaður rifjaði upp markmið DKG og fór yfir vetrardagskrá Epsilon-deildar. Markmiðið samtakanna er meðal annars að fá fleiri konur í samtökin og gera þau sýnilegri.



### Inntökufundur

Strax á næstu fundi Epsilon-deildar sem haldinn var í Tryggvaskála á Selfossi voru teknar inn sex nýjar konur. Þær gegna hinum ýmsum störfum sem falla undir fræðslustörf svo sem sálfræðingur, leikskólakennari, náms- og starfsráðgjafi, prestur, grunnskólakennari og djákni. Stjórn Epsilon-deildar og Árný Elíasdóttir

landsforseti stjórnðu athöfninni sem var einstaklega falleg og hátíðleg.

Árný landsforsetin var ánægð að fá svona margar konur inn í samtökin á einu bretti og Epsilon-systur himinlifandi yfir þessum föngulega hópi kvenna sem bættist í þeirra hóp.

### Lykill að læsi – málþing um læsi í víðum skilningi

Árný heimsótti Epsilon systur aftur skömmu síðar. Tilefnið var málþing sem Epsilon-deild DKG stóð að og haldið var í Fjölbrotaskóla Suðurlands 26. október síðast liðinn. Lykill að læsi -málþing um læsi í víðum skilning.

Málþingið var vel sótt enda þrír góðir fyrirlesarar á dagskrá með áhugaverð erindi. Bjarney Sigurðardóttir talmeinafræðingur og verkefnisstjóri verkefnisins Lestur er lífsins leikur hjá Hafnarfjarðarbæ hélt erindi um snemmtæka íhlutun í fyrstu bekkjum í grunnskólum Hafnarfjarðarbæjar. Markmiðið með verkefninu er að finna strax við upphaf skólagöngu nemendur sem þurfa á nánari greiningu að halda og/eða stuðningi og veita íhlutun við hæfi. Bjarney fjallaði einnig um mjög áhugavert læsisverkefni sem nefnt er LÆK og hefur það markmið að efla læsi og auka lestraráhuga allra nemenda á mið- og unglíngastigum grunnskólanna í Hafnarfjarðarbæ.

Hlíf Brynja Baldursdóttir deildarstjóri máls og læsis í Fellaskóla hélt erindi um „Draumaskóla“ sem er samvinnuverkefni Fellaskóla,



frístundaheimilisins Vinafells og leikskólanna Holts og Aspar. Þar er lögð áhersla á málskilning, læsi, orðaforða, leiðsagnarnám, tónlist og skapandi skólastarf. „Draumskólinn“ leggur megináherslu á íslensku í öllu starfi og að allir kennarar séu íslenskukennarar. Hlutfall tví- og fjöltyngdra barna er nærri því 90 prósent og er íslenskt námsumhverfi þeirra að mestu í skólunum og á frístundaheimilinu.



Svava Þ. Hjaltalín, sérkennari, læsisfræðingur og verkefnastjóri við Rannsóknarsetur um menntun og hugarfarar við Háskóla Íslands, hélt erindi sem hún nefndi Árangursrík kennsla – „Ég get“ þar sem hún fór yfir gildi góðra vísindarannsókna sem tengdar eru námi og framþróun. Hvernig þær geta styrkt kennara og auðveldað þeim að velja árangursríkar aðferðir við lestrarkennslu og læsi. Svava fjallaði einnig um Kveikjum neistann sem er rannsóknar- og þróunarverkefni í Grunnskóla

Vestmanneyja með heildstæða nálgun á skólastarfið.



Epsilon-systur eru ánægðar með að hafa nú þegar náð þeim markmiðum sem þær ætluðu að leggja áherslu á í vetur - að fjölga konum í deildinni og vera sýnilegar í nærumhverfi sínu. Það var ekki annað heyrna á landsforseta DKG að hún væri ánægð með frumkvæði Epsilon-deildar að gera samtökin sýnileg með því að halda málþing. Undirbúningur málþingsins var í höndum Ernu Ingvarsdóttur, Guðríðar Egilsdóttur, Ingibjargar Þ. Þorleifsdóttur og Margrétar Guðmundsdóttur.

Næsti fundur Epsilon-deildar verður haldinn í Vínstofu Friðheima í Bláskógabyggð. Hann verður með jólalegu í vafi.

Sigríður Guðnadóttir vefritari Epsilon-deildar



## Zeta

Í Zeta deild DKG koma félagskonur frá Austurlandi og eru dreifðar um fjórðunginn. Við höfum yfirleitt 5 fundi á ári og er fundur haldinn á þeim stað þar sem félagskonur búa. Í haust hefur verið haldinn einn fundur og var hann á leikskólanum Hádegishöfða í Fellabæ sem er í nýju húsnæði.



Mæting var góð á fundinn og á hann mættu einnig þrír gestir sem vonandi verða félagskonur fyrr en seinna. Guðmunda Vala leikskólastjóri og zeta kona fór með okkur í skoðunarferð um skólann. Virkilega fallett og notalegt umhverfi sem starfsmenn og nemendur hafa til afnota. Vala sagði okkur stuttlega frá starfseminni sem er í anda Reggio Emilia. Hefðbundin félagsstörf voru síðan að lokinni skoðunarferð og félagskonum sagt frá Samskipta- og útgáfunefnd sem nú er í höndum zeta deildar en þær Sigríður Herdís, Guðmunda Vala og Guðrún munu sjá um að koma áhugaverðu efni frá DKG konum í haustfréttabréfið.

Orð til umhugsunar voru í umsjón Sigríðar Herdísar. Henni var hugleikið námsframboð þeirra sem ekki hafa grunnmenntun s.s stúdentspróf. Starfsmenn með enga fagmenntun eru illa launaðir en oft á tíðum er erfitt að ná sér í menntun. Hún sagði frá reynslu sinni af starfsmanni sem með mikilli elju og dugnaði náði að mennta sig í leikskólakennarafræðum. Hún sagði frá því að núna væru fimm starfsmenn í fagháskólanámi í leikskólakennarafræðum frá hennar leikskóla. Hún nefndi að á sínum vinnustað eru starfsmenn af erlendu bergi og vantar sárlega að geta menntað sig betur í íslensku máli en oft á tíðum eru fá námskeið í boði fyrir þennan hóp.

### Heimsókn í Sláturhúsið Menningarmiðstöð.

Á nýju ári 2023 var fundur í Menningarmiðstöðinni á Fljótisdalshéraði. Ragnhildur Ásvaldsdóttir forstöðumaður fór yfir sögu Menningarhússins í Sláturhúsinu sem hefur fengið mikla andlitsupplýftingu. Gagngerar endurbætur voru gerðar á húsinu og aðlagð að þeirri starfsemi sem fram fer í húsinu. Anna María Þórhallsdóttir, arkitekt hjá Sniddu á Egilsstöðum, teiknaði endurbætur á húsinu og þykir vel hafa tekist til að samræma sögu hússins og nýtt hlutverk þess. Ungmennahús er jafnframt til húsa í Sláturhúsinu. Í húsinu eru tvær sýningar í gangi sem hópurinn skoðaði. Annars vegar sýning Jessicu Auer – Landvörður og hins vegar



margmiðlunarsýning sem er samvinna Listaháskóla Íslands og Landsvirkjunar.

Eftir skoðunarferð og kynningu voru hefðbundin fundarstörf. Óformlegar umræður voru eftir innlegg um orð til umhugsunar sem var í höndum Helgu Guðmundsdóttur. Hún fjallaði um þau tímamót þegar hún fór á eftirlaun. Hún lagði út frá því sem mótar einstaklinga á sinni starfsævi.

Fundarmenn ræddu vinnu við ný lög um skólaþjónustu og höfðu áhyggjur af námslegri þjónustu almennt og nemendum með námserfiðleika. Umræður um gervigreind og hlutverk hennar í skólastarfi bar einnig á góma.

Helga Guðmundsdóttir þakkaði Ragnhildi greinargóða kynningu og færði henni rauða rós.



## Heimsókn í Verkmenntaskóla Austurlands.

Vorfundur deildarinnar var haldinn í júní í Verkmenntaskóla Austurlands. Eydís Ásbjörnsdóttir skólameistari tók á móti okkur og sagði okkur frá starfssemi Verkmenntaskóla Austurlands.



Fengu félagskonur góða innsýn í starf og starfssemi Verkmenntaskólans. Í máli hennar kom fram að góð samvinna er við Grunnskólana í Fjarðarbyggð og fá nemendur í 8.-10. bekk kynningu á iðngreinum hálfan dag í viku í átta vikur alls yfir skólaárið. Einnig stendur til að nemendum úr Múlaþingi verði boðið í slíkar kynningar. Á síðasta skólaári voru 150 nemendur í skólanum og sami fjöldi er í fjarnámi víðs vegar af landinu. Eftir áhugaverða kynningu af skólanum var haldin hefðbundinn fundur. Það var fín mæting á fundinn. Björg Þorvaldsdóttir var með orð til umhugsunar og fjallaði um geðorðin 10 🤍



Góð umræða var um handleiðslu í kjölfarið í hópnum. Fundarkonur segja mikla þörf fyrir handleiðslu í og fyrir starfsfólk grunnskóla. Einnig eru þær sammála um að hvetja ætti til samtals um málefnið í samfélagi kennara. Að fundi loknum hélt hópurinn á Hótel Hildibrand og borðaði saman.

Sjálf er ég ekki búin að vera lengi í DKG en ég er mjög ánægð með að hafa farið í þennan félagsskap. Það gefur mér mikið að hitta konur sem hafa sömu starfsreynslu og ég sem kennari og kennsluráðgjafi. Einnig hitti ég fyrrverandi vinnufélaga á fundum. Það finnst mér vera kostur að hafa fáa fundi á ári og fundirnir eru ekki of langir. Yfirleitt hefur dagskrá fundanna verið áhugaverð og við heimsótt marga staði sem ekki er alltaf tækifæri að heimsækja og kynna. Ég vona að við náum að fjölga konum í deildinni í þessum góða félagsskap og ekki væri verra að yngja upp í hópnum.

Ólafía Þórunn Stefánsdóttir tók saman.





## Eta

Stjórn Etadeildar skipa Ólöf Helga Þór formaður, Sigríður Heiða Bragadóttir varaformaður, Ásta Lárusdóttir ritari, Hafdís Sigurgeirsdóttir gjaldkeri og Jóhanna Thelma Einarsdóttir vefstjóri.

Á stjórnarfundum í september var starfið skipulagt og gerð starfsáætlun þar sem fundardagar og tímar voru ákveðnir. Ákveðið var að hafa 5 fundi yfir veturinn og félagskonum skipt í hópa til að sjá um hvern fund.

Fyrsti fundur vetrarins var haldinn 18. október og stjórnaði Ólöf Helga fundinum. Í upphafi var haft nafnakall en sá siður var tekinn upp til þess m.a. að kynna nýja félagan en lögð hefur verið áhersla á nýliðun í deildinni. Bryndís Guðmundsdóttir var með Orð til umhugsunar og minntist Stefaníu Valdísar Stefánsdóttur en hún var einn af stofnfélögum Eta deildar 1997. Gestur fundarins var Gunnar Sveinn Magnússon, Sjálfbærnistjóri hjá Deloitte, sem flutti erindið **Hvernig búum við til nýtt sjálfbært hagkerfi**. Hann ræddi um að fram undan væru krefjandi tímar með aukinni áherslu á orkuskipti, kolefnishlutleysi, hringrásarhagkerfi og náttúruvernd en jafnframt þyrfti að huga að auknu jafnrétti, mannréttindum og gagnsæjum stjórnarháttum í virðiskeðjunni svo eitthvað sé nefnt. Þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir vegna loftslagsbreytinga og annarrar áhættu tengdri sjálfbærni kalli á stórhuga aðgerðir. Mjög góður rómur var gerður að erindi Gunnars og líflegar umræður spunnust út frá því.



Fram undan á haustönn er jólafundur sem haldinn verður 5. desember. Á vorönn verða þrjú fundir og er áætlað að einn af þeim verði bókafundur.



Að lokum má geta þess þó að það tilheyrir ekki haustönninni að í vor tóku fjórar konur úr Eta deild þátt í Landssambandsþingi DKG í Hverageði. Meginþema ráðstefnunnar var skólamál. Meðal erinda voru Starfsþjálfun kennara, Skóli framtíðarinnar og Gervigreind í skólastarfi. Erindin voru mjög fræðandi og skemmtileg og samræður á eftir góðar.

Ásta Lárusdóttir, ritari Etadeildar



## Peta

Hauststarfið hjá Peta deildinni fór vel af stað og var fyrsti fundur haldin 19. september. Formaður fór yfir starfsárið og lagði grunninn að þema vetrarins sem að þessu sinni verður *“Hugrekki, konur og leiðtogar í eigin lífi”*. Við fórum yfir leiðtöggann sem býr innra með okkur öllum og þann auð sem í deildinni okkar er. Hvað það, að mæta á fundi, gefa af sér og um leið að fá bæði orku og innblástur frá öðrum skiptir miklu máli. DKG starfið snýst m.a. um að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum og að efla okkur sem konur.



Farið var yfir skilaboð frá samtökunum og svo skiptum við okkur í hópa og svöruðum spurningum um starfið, hvernig við sjáum veturinn og hvað skiptir okkur máli. Gerður Pétursdóttir var með orð til umhugsunar og fjallaði um síðustu starfsæviárin og hvað við getum gert til að vera betur undirbúin.

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir Peta kona og fræðslustjóri Hafnarfjarðar sagði okkur frá því helsta sem er að gerast í fræðslumálum þar á bæ. Hún sagði okkur frá BRÚ-nni sem var mjög áhugavert og er um snemmtæka íhlutun og farsældina og hvernig þau eru að vinna það verkefni. Einnig sagði hún okkur frá skemmtilegu lestrarverkefni sem er í samstarfi við Gunnar Helgason. Erindi Fanneyjar var mjög áhugavert og fékk hún margar spurningar. Að lokum var fundarskipulag vetrarins kynnt og svo gæddum við okkur á veglegum veitingum.



Þar sem ekki var farið í vorferð eins og tíðkast hefur var ákveðið að skella í haustferð og hafa það *vissuferð*. Skundað var með rútu til Grindavíkur og áttum þar yndislega kvöldstund. Við byrjuðum á mjög áhugaverðri heimsókn í Fisktækniskólann og fengum frábæra kynningu á því mikla starfi sem þar er. Við viljum hvetja aðrar deildir að kynna sér starfið í Fisktækniskólanum.



Fram undan er jólafundurinn sem er einn af hápunktum vetrarins.



Eftir góða heimsókn kíktum við í Palómu sem er frábær tískuvöruverslun og þar gátu Þeta systur verslað vel. Næst fórum við í heimsókn til VIGT, sem er vinnustofa og verslun. VIGT er samstarf móður og þriggja systra sem framleiða vörur helgaðar heimilinu. Áherslan er einfaldleiki, gæði og réttisýni. Afskaplega fallegar vörur og staðurinn einstakur. Að lokum gæddum við okkur svo á dýrindis kvöldmáltíð í Salfisksetrinu. Það voru svo kátar systur sem héldu heim á leið að lokinni vel heppnaðri haustferð, í rútu, með roða í kinnnum.

Þeta systur er einstakur hópur, mjög breiður sem kynnist betur með hverju árinu. Við deilum visku til hvor annarrar og kynnumst ýmsum fræðslu- og menntamálum á svæðinu. Við förum af hverjum fundi með hlýju í hjarta og visku í brunni.

Kveðja

Lóa Björg Gestsdóttir formaður Þeta deildar







## Iota

Þegar þetta er ritað eru hjörtu okkar og hugar hjá Grindvíkingum sem eru nú staddir í hringiðu og ólgusjó ýmiss konar tilfinninga og óvissu. Við óskum þeim að sjálfsögðu alls góðs og trúum því að öll él birti upp um síðir.

Starfsárið 2023-2024 hófst með venjubundnum hætti, þar sem stjórnin kom saman og skipulagði veturinn, en við reynum að fara svolítið á milli staða því félagskonur koma frá nánast öllum byggðakjörnum á norðanverðum Vestfjörðum.

Fyrst í fundurinn var haldinn á Þingeyri í október þar sem við fengum Elfar Loga Hannesson leikara og aðal gúrú Kómedíuleikhússins á Þingeyri til þess að sýna okkur og segja frá, en Kómedíuleikhúsið er eina starfandi atvinnuleikhúsið á Vestfjörðum. Hann sagði okkur frá starfseminni og fór yfir sögu leikhússins í máli og myndum, en hún er yfirgripsmikil og merkileg í marga staði.

Nóvemberfundurinn var síðan haldinn á Ísafirði, þar sem Peter Weiss forstöðumaður Háskólaseturs

Vestfjarða sagði okkur frá starfsemi Háskólaseturs og sýndi okkur húsakynni. Við færðum okkur síðan yfir í Menntaskólann og áttum skemmtilega stund saman þar.



Árný Elíasdóttir landsforseti kom í heimsókn til okkar og sagði okkur frá framkvæmdaráætlun landsstjórnar, en sú áætlun miðar m.a. að því að gera félagið sýnilegra í samfélaginu.



Nokkrar konur höfðu tekið með sér gesti til að kynna félagið fyrir þeim með það fyrir augum að þær hefðu áhuga á að starfa með okkur. Liðurinn “kona kynnir sig” hefur legið í dvala undanfarið hjá okkur, en formaðurinn okkar hún Vilborg Ása reið á vaðið við að halda þeim skemmtilega lið vakandi áfram.

Næsti fundur verður jólafundurinn okkar, en hann verður haldinn í byrjun desember þar sem fastur liður er að fara saman og borða “smörrebröd” að danskri fyrirmynd sem er orðið að íslenskri aðventu hefð. Bókafundurinn verður síðan haldinn í janúar og er hann ávallt mjög skemmtilegur og fróðlegur og margar skemmtilegar hugmyndir að yndislestri koma fram á þeim fundi.

Jónína Hrönn Símonardóttir, ritari IOTA deildar DKG á Íslandi.





## Kappa

Áherslur Kappadeildar á síðasta og núverandi starfsári tengjast Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og er lagt upp með að fundarefni tengist þeim með einhverjum hætti.

Sjöundi og síðasti fundur Kappadeildar starfsárið 2022-2023 átti upphaflega að vera vorferð í Guðmundarlund en þar sem margar Kappakonur voru vant við látnar var fundinum breytt með stuttum fyrirvara og haldinn í heimahúsi 25. maí. Sigrún Kristín Magnúsdóttir bauð okkur inn á sitt fallega heimili þar sem við áttum notalega stund og snæddum glæsilega rétti að hætti hússins.

Guðrún Edda Bentsdóttir, fráfarandi forseti sagði okkur fréttir af Landspingi þar sem gengin var minningarganga um Gunnhildi Óskarsdóttur



Kappasystur okkar sem lést í mars eftir langa og hetjulega baráttu við krabbamein. Gangan var gengin til að minnast Gunnhildar og verka hennar í þágu grunnrannsókna á brjóstakrabbameini og styrkja samtökin Göngum saman. Guðrún Edda hefur birt grein á vef Alþjóðasamtaka DKG þar sem fjallað er um samtökin og verkefnið „Göngum saman“ sem Gunnhildur stofnaði.

Soffía Vagnsdóttir flutti orð til umhugsunar. Umfjöllunarefni hennar var „**Fjölskyldan sem mikilvægasta stofnun samfélagsins**“

Hún ræddi um fjölskyldustefnu fyrir árin 2017- 2021 þar sem margar mjög

jákvæðar áherslur eru í forgrunni. Þar er sett fram opinber stefna um fjölskylduvænt samfélag þar sem börn eru sett í öndvegi, stuðlað að því að barnafjölskyldur búi við jöfn tækifæri og öryggi og njóti lögvarinna réttinda. Þar er líka kveðið á um að barnasáttmálinn sé innleiddur í alla lagaumgjörð og framkvæmd. Áhersla er á forvarnir og fræðslu fyrir foreldra um hvað felst í foreldrahlutverkinu. Soffía taldi margt vel gert í þessari stefnu og mikilvægt að vinna að því að hún næði fram að ganga.

Hún nefndi að fjölskyldan sem fyrirbæri væri mikið breytt frá því sem áður var. Mikil fjölbreytni væri í samsetningu fjölskyldna í dag, þær hefðu mismunandi þarfir og hugsanlega væri hlutverk fjölskyldunnar breytt.



Hún sagði lítils háttar frá sinni æsku og velti fyrir sér hvort samheldni og samstaða væri á undanhaldi í dag. Að hennar mati lærði hún sjálf meira í uppeldinu en situr eftir af tveimur mastersgráðum.

Að hennar mati skiptir mestu að eiga einingu í kring um sig. Það hvernig fjölskyldan er saman sett skiptir minna máli. Mesta samfélagsmeini samtímans er að hennar mati það að við gerum ekki nægar kröfur til fjölskyldunnar sem stuðningsnets. Það þarf að forgangsraða börnum.

Í lok fundar sögðu fundarkonur frá því sem var Fram undan hjá þeim í sumar.

Fyrsti fundur þessa starfsárs var haldinn fimmtudaginn 21. september í lðunni Fræðslusetri og var í umsjón stjórnar.

Formaðurinn, Hildur Elín Vignir, kynnti drög að starfsáætlun vetrarins sem var samþykkt af fundarkonum með lítils háttar hrókingum.

Sjö fundir hafa verið dagsettir og umsjón þeirra skipt á milli Kappakvenna. Áfram verður unnið út frá Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Soffía Vagnsdóttir sagði frá Landsambandsfundi sem haldinn var í Gamla Morgunblaðshúsinu. Hún upplýsti fundarkonur um helstu fundarefni og þau markmið sem sett voru til framtíðar fyrir samtökin.

Sveinfríður Olga Veturliðadóttir flutti orð til umhugsunar. Hún velti fyrir sér hvað það er sem ræður því hvar við lendum. Hún sagði frá sterkasta

áhrifavaldinum í sínu lífi sem olli því að hún flutti til Ísafjarðar og varð skólastjóri. Þar fékk hún að kynna ýmsu, allt frá skíðaiðkun og japanskri teiknimyndagerð til þess að vera allt í einu stödd á vindsæng innan um hóp af stúlkum á íþróttiferðalagi.

Dóttir hennar er sú manneskja sem hefur verið hennar mesti áhrifavaldur í lífinu og er ástæðan fyrir því að hún er komin aftur suður.

Í lok fundar sagði Hildur Elín Vignir frá því sem um var um að vera í lðunni á þessum tíma en Sveinspróf í bifvélavirkjun voru yfirstandandi.

Það er mikill gangur í iðn- og starfsnámi þessa dagana, mikil aðsókn og mikið um að vera um allt land.

Fundurinn endaði á góðum umræðum um menntamál og vinnumarkaðinn.

Næsti fundur Kappadeildar fer fram í Fjölbrotaskólanum í Mosfellsbæ sem hlaut á dögum tilnefningu til Íslensku menntaverðlaunanna. Svanhildur Svavarsdóttir, Kappakona og starfandi náms- og starfsráðgjafi við skólann mun segja okkur frá stefnu skólans og leiða okkur í skoðunarferð um hann og Valgerður Magnúsdóttir mun flytja orð til umhugsunar.

Herdís Anna Friðfinnsdóttir og Linda Hrönn Helgadóttir meðstjórnendur



## Lambda

Félagskonur í Lambdadeild héldu fyrsta fund sinn á starfsárinu 18. september í HÍ Stakkahlíð.

Starfsáætlun var til umræðu og var ákveðið að halda þrjá fundi á haustönn og fjóra fundi á vorönn. Lengd funda, fundatímar, tillaga að dagsetningum og efnistöfum voru ákveðin. Meðal þess sem var ákveðið var að óska eftir því að heimsækja systur okkar í Delta deild, hafa jólafundinn hefðbundinn með upplestri úr einhverri nýútgefinni bók og leita inn á við með því að nýta auð félagskvenna okkar um fræðslu og fyrirlestra. Einnig var ákveðið að huga að því að fjölga konum í deildinni og horfa þá til kvenna af erlendum uppruna sem starfa í menntakerfinu. Ákveðið var að kveikja í nýjum konum með því bjóða þeim á fundi til okkar svo þær hafi forsendur til að ákveða hvort þær finni samhljóm með því að taka þátt í starfinu okkar.



*Haldóra Jónsdóttir, formaður Delta og Heiðrú Bjarnadóttir*

Við heimsóttum systur okkar í Deltadeild upp í Borgarnesi. Þar áttum við dásamlega stund með þeim í menntaskólanum Hjálmakletti þar sem Heiðrún Bjarnadóttir, prestur þeirra Borgnesinga, sagði frá tildrögum þess að hún ákvað að verða prestur og Signý Óskarsdóttir verkefnisstjóri skólaþróunar sagði frá kennsluaðferðunum sem nýttar eru við skólann sem miðast við að gefa öllum nemendum kost á að nýta hæfileika sína og fá endurgjöf á vinnu sína.



*Hljóðverið í Kvik*

Eftir kynningarnar gekk Signý með okkur um Kvik sem er náms- og kennslurými fyrir fjölbreytta og skapandi vinnu í öllum áföngum skólans. Nemendur og starfsfólk getur nýtt sér aðgang að tækjum og hugbúnaði sem gagnast í verklegri kennslu í öllum greinum ásamt þjálfun í stafrænni hönnun og miðlun. Í Kvikunni er meðal annars hægt að finna mynd- og hljóðver þar sem hægt að er að taka upp, vinna myndbönd og hljóð og ganga frá stafrænu efni á faglegan hátt. Einnig hýsir Kvikunni opið fjölnota rými sem styður við nýsköpun og þróun frumgerða á hugmyndum með því að bjóða aðgang að verkfærum eins og þrívíddarprenturum, laserskerum, vinylskerum, pressum og saumavélum og rými til



listsköpunar. Að lokum fengu félagskonur tækifæri til þess að reyna á færni sína til að festa lokaða keðju upp á hring.



*Hér má sjá félagskonur spreyta sig*

Eftir kynningarnar var snæddum við saman gómsætan fisk í veitingahúsinu Landnámi. Þar var orð til umhugsunar og happdrætti sem okkur í Lambdameild þótti mjög áhugavert til eftirbreytni í okkar deild.

Þriðji fundurinn okkar verður síðan haldinn mánudaginn 4. desember. Það verður hefðbundinn jólafundur. Við ætlum að borða og njóta samveru saman auk þess sem við ætlum að hlýða á Nönnu Rögnvaldsdóttur lesa úr nýjustu bók sinni Valskan.

Það verða spennandi tímar fram undan hjá okkur. Björg Melsted Lambdasystir ætlar að kynna fyrir okkur meistaraverkefni sitt sem fjallar um leiðsagnarkennarann sem faglegur leiðtogi í lærdómssamfélag í grunnskóla. Þá ætlar Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir að segja frá spennandi þróunarverkefni sem unnið er að í Kópavogsskóla. Esther Ágústsdóttir ætlar að segja okkur frá Sturlungu og á

síðasta fundi vetrarins förum við í sögugöngu og erum við að horfa til þess að fá leiðsögn um gamla bæinn í Hafnarfirði. Þá má geta þess í lokin að ný stjórn verður kosin á vormánuðum.

Sigurborg Kristjánsdóttir formaður  
Lambdameildar og  
Steingerður Kristjánsdóttir ritari  
Lambdameildar

Steingerður Kristjánsdóttir.





## Mý

Þann **25. september** var fyrsti fundurinn þetta haustið haldinn í Naustaskóla á Akureyri.

Í heimsókn til okkar komu talsmenn Aflsins, þær Erla Lind og Erla Hrönn og síðan Kolbrún frá Bjarmahlíð. Aflið eru samtök fyrir þolendur ofbeldis. Það er til húsa í Gamla spítalanum í Aðalstrætinu. Markmið er að standa og styðja þolendur ofbeldis og aðstandendur þeirra.

Þær sögðu frá því að í Aflinu er



fjölbreyttur ráðgjafahópur m.a kynjafræðingur, kennari, fíkniráðgjafi, þroskaþjálfari, hjúkrunarfræðingur. Markmiðið er að veita einstaklingsbundna ráðgjöf og mæta hverjum einstaklingi þar sem hann er staddur. Það er einnig boðið upp á hópastarf. Unnið er mest með afleiðingar ofbeldisins. Þar er áberandi sorg og skömm. Svo sagði Kolbrún aðeins frá Bjarmahlíð eða hvernig sérstaða þeirra er. Hún sagði frá því að

þjónustan virki eins og „færiband“, spjallað er saman og fundið út hvaða úrræði henti. Margir samstarfsaðilar koma að Bjarmahlíð.



Tilgangurinn er að einfalda þolendum að leita sér aðstoðar og veita þeim þjónustuna undir sama þaki s.s. stytta boðleiðirnar. Rætt var um konur með erlendan bakgrunn og Kolbrún sagði frá því að búið væri að þýða bæklinga á átta tungumál. Þarna geta skarast menningarheimar. Sumar þessara kvenna þora til dæmis ekki að leita sér lækniástoðar.





Það var almennt álit félagskvenna að framlag þessara kvenna á fundinn var sérstaklega gefandi og mikilvægt að fá innsýn inn í hvernig þessum málum er háttað í bæjarfélaginu. Þá var á fundinum rætt um deildarstarfið og formaður sagði frá formannsfundi sem hún sótti til Reykjavíkur fyrir stuttu síðan. Rætt var um hvort við getum fundið konur sem eru að erlendum uppruna og boðið þeim í hópinn. Kristín hvatti einnig þær konur sem voru gestir fundarins að koma til liðs við okkur. Katrín Fjóra sagði að henni hefði verið boðið að vera í skólamálanefnd DKG og þáði hún boðið, hún undirstrikaði hversu miklu máli það skipti að taka þátt í starfinu.



Að lokum fór Þuríður Rósenbergsdóttir með orð til umhugsunar og fjallaði þar um eittraða jákvæðni og velti því fyrir sér hvernig hægt er að bæla niður tilfinningar með of mikilli jákvæðni og óeðlilega mikilli hamingju. Við verðum að takast á við tilfinningarnar við getum ekki flúið þær.

Þann **25. október** var svo næsti fundur deildarinnar haldinn í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir verkefnastjóri hjá Verkmenntaskólanum kom í heimsókn til okkar og ræddi um nám erlendra nemenda við skólann. Þar sagði hún frá því að flestir þessara nemenda væru með flóttabakgrunn.



Jóhanna er einskonar umsjónarkennari fyrir þessa nemendur. Hún er tengiliður við þá aðila sem koma að flóttabörnunum og skapar einskonar stuðningsnet. Jóhanna hefur það verkefni að móta umgjörðina í kringum þessa nemendur. Í skólanum eru um 70 erlendir nemendur frá 23 þjóðernum. Byrjað er á móttökuvíðtali til að taka stöðuna. Víðtalið er oft að vori í grunnskóla og þá er hægt að taka stöðuna áður en viðkomandi kemur í skólann. Ljóst er að það þarf





fjármagn og kennara til að sinna meiri íslenskukennslu. Í skólann koma oft nemendur sem hafa aldrei verið í skóla. Í haust fengu nemendur að koma í fyrsta skipti á starfsbraut án þess að vera með greiningu. Það gefur auga leið að nemendur sem hafa aldrei verið í skóla þurfa sérstakan stuðning í framhaldsskóla. Áskorunin er að nemendur tengi við efnið og hægt sé að aðlaga námið að þeim. Það er líka áskorun að fá nemendur allt skólaárið ekki bara að hausti. Það eru ólíkar áskoranir á milli ára. Jóhanna sagði auk þess frá verkefninu Mentor-vinátta sem er nýr áfangi í VMA í samstarfi við Rauða krossinn sem felur m.a. í sér félagslegan stuðning og að byggja upp vinasambönd. Þetta á að virkja einstaklingana á báða bóga, bæði íslenska nemandann og erlenda nemandann. Þarna eiga allir að læra og er þetta áfangi í skólanum og fá nemendur einingar fyrir. Í upphafi er fræðsla og síðan hefst vinnan. Verkefnið var gert eins sjónrænt og kostur var. Nemendur eiga að hittast 10-12 sinnum yfir skólaárið. Jóhanna gerði vinnubók með leiðbeiningum. Nemendur skila dagbók eftir hvert skipti. Jóhanna fylgir verkefninu eftir. Það verður gaman að sjá hvernig þetta þróast. Að lokum fór Þóra Björg Eiríksdóttir með orð til umhugsunar og gerði orð

Guðbjargar R. Jóhannesdóttur umhverfisheimspekings að umhugsunarefni. Björg hafði fengið Guðbjörgu til að skrifa um fegurðina í sambandi við sýningu sem hún hélt. Orðið fegurð er notað við fjölbreyttar aðstæður. Orðið getur bæði verið hlutlægt og huglægt. Heimspekingar hafa reynt að greina þarna á milli en lítið orðið ágengt.



Fegurð kemur innan frá en er ekki bara útlit. Fegurð getur verið upplifun. Hún hefur aðdráttarafl og við finnum þörf til að staldra við fegurð. Björg tók fram að fegurð nærir okkur í daglegu lífi og okkur beri að leggja áherslu á fagurfræðilegt uppeldi, til dæmis í gegnum listir.

Kristín Irene Valdemarsdóttir, formaður.



## Ný

Vetrarstarf Ný-systra hófst með fundi á Skagaströnd þann 3. október s.l. Við hittumst á leikskólanum Barnaborg þar sem starfað er eftir Hjallastefnunni. Á leikskólanum starfar ein okkar nýjustu systra, Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir, sem leikskólastjóri og því var tilvalið að fá að sjá og kynna aðeins leikskólanum um leið og línurnar voru lagðar fyrir starfið í vetur. Lilja Guðlaug tók vel á móti okkur, sýndi okkur leikskólann og kynnti fyrir okkur starfseminu. Á þessum fyrsta fundi var svo rætt um starfið framundan, þema næstu tveggja ára og skipað í fyrstu undirbúningsnefnd starfsársins. Eftir langt sumarfrí höfðu systur líka þörf til að taka púlsinn hver á annari og styrkja systraböndin fyrir komandi vetur. Annar fundur vetrarins var svo haldinn á Blönduósi þann 1. nóvember s.l. Þær systur Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir, Jóhanna Guðrún Jónasdóttir og Þyrej Hlífarsdóttir sáu um undirbúning fundarins. Að þessu sinni funduðum við í safnaðarheimili

Blönduósskirkju og kom sem gestur á fundinn sr. Edda Hlíf Hlífarsdóttir prestur í Húnavatnsprestakalli. Vegna óviðráðanlega orsaka varð heimsókn hennar að þessu sinni rafræn, en hún hitti okkur á facetime. Með einkunnarorðin farsæld og vellíðan í huga ræddi hún við okkur um líf sitt og áfallasögu og einblíndi í erindi sínu á hvernig verndandi þættir í umhverfi hennar hafa hjálpað henni í gegnum mótlæti sem og hvernig hún fann innri styrk til að vinna sig út úr þeim áföllum sem hún hefur gengið í gegnum á lífsleiðinni. Erindið átti mikinn hljómgrunn meðal Ný-systra sem höfðu um mikið að ræða eftir að erindinu lauk og margt sem hugurinn hefur staldrað við þessa daga eftir fund. Næsti fundur okkar verður svo haldinn þann 4. desember en þá verður jólafundur okkar. Skipulagning fundar er komin í gang og ýmsar hugmyndir uppi um hvernig við getum átt sem notalegasta og gefandi stund saman á aðventunni.

Guðbjörg Einarsdóttir, formaður Ný-deildar.





## Markmið samtakanna eru:

- Að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/fræðslustörfum víðsvegar í heiminum.
- Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
- Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
- Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna.
- Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
- Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.



*Stefnuyfirlýsing Delta  
Kappa Gamma:*

*Alþjóðasamtökin Delta  
Kappa Gamma stuðla að  
auknum fræðilegum og  
persónulegum þroska  
kvenna í fræðslustörfum og  
gæðum í menntun og  
uppeldisstörfum.*

